


Félagsfærnisaga til að kenna aðferð til reiðistjórnunar


eftir Rochelle Lentini



Simmi skjaldbaka dregur sig í hlé og finnur góða lausn

Myndir úr Microsoft Clipart® og Webster-Stratton, C. (1991). The teachers and children videotape series: Dina dinosaur school. Seattle, WA: The Incredible Years.



**Simmi skjaldbaka er frábær skjaldbaka.
Honum finnst gaman að leika sér með vinum
sínunum í Vatnaborg.**




**En stundum gerist eitthvað sem lætur Simma
verða rosalega reiðan.**




**Áður, þegar Simmi varð reiður, þá öskraði hann,
sló frá sér, eða sparkaði í vini sína. Vinir hans
urðu reiðir eða fóru að gráta þegar hann öskraði,
sló eða sparkaði í þau.**




Núna kann Simmi betri leið til að bregðast við þegar hann verður reiður.




**Hann getur STOPPAÐ og haldið höndum, fótum
og öskrum fyrir sig!**





**Hann getur dregið sig inn í skelina sína
og andað djúpt þrisvar sinnum til að
róa sig.**



**Þá getur Simmi fundið góða
lausn.**



**Vinir Simma eru
ánægðir þegar hann
leikur fallega (og
heldur höndum og
fótum að sér).
Vinum hans finnst
líka gott þegar
Simmi talar fallega
eða biður kennara
um að hjálpa sér
þegar hann er
reiður.**



Endir!

